

**Þjósárvirkjanir - vettvangsrannsóknir. 3.
fundur verkefnisráðs 25. apríl 1980**

Björn Jónasson

Greinargerð BjJ-80/02-B

ÞJÓRSÁRVIRKJANIR - Vettvangsrannsóknir

3. fundur verkefnisráðs 25. apríl kl. 10:00-10:50.

Fundinn sátu: Jan Henje Landsvirkjun
Gísli Júlíusson Landsvirkjun
Snorri Sigurjónsson Virkir
Jón Skúlason Almenna verkfræðistofan
Sigurjón Helgason Verkfræðistofa Sig. Thoroddsen
Davíó Egilson Orkustofnun
Björn Jónasson Orkustofnun

1. Jón Skúlason (AV) lagði fram áætlun um rannsóknarborun við Stórasjó, unnin í samráði við Virki. Ákveðið að bora 30-40 m sýnatökuholu í sambandi við fyrirhugað stíflustæði. Framkvæmdir verði hafnar í júlí. Rætt um tilhögun og aðbúnað vegna borverksins. Skal reynt að fá hús hjá Vegagerðinni.
2. Lögð fram hreinrituð rannsóknaráætlun af OS.
3. a. Í ljósi vettvangskönnunar er farin var af fulltrúum LV og OS þann 22. sl. var rætt um staðsetningu kamps í Sultartanga og fyrirkomulag. Ákveðið að flytja þau tvö hús sem nú eru við Þjórsá. Annað í Sultartangakampinn, hitt í Sandafellsbúðir og verður það notað sem kjarnahús.
b. Rætt um gerð vegarslóða að borholustæðum í Sandafelli sérstaklega með tilliti til tveggja fyrstu borholanna, safnþróargerð fyrir borvatn, stækkun Sandafellsbúða, fyrirkomulag o.fl.
4. OS lagði fram og kynnti áætlun er varðar landmælingar vegna fyrirhugaðra rannsókna, en LV mun framkvæma þær (Aksel Pühl hafði fengið þessa áætlun fyrir fundinn).
5. Fulltrúi LV ræddi bréf frá OS og Tæknirannsóknnum varðandi úrvinnslu á þeim lausu jarðefnum, sem OS safnaði á Búðarháls-Sultartangasvæðinu árið 1979. Ákveðið að ráðast í úrvinnslu og að VST annist hana.

1980-05-16

6. OS lagði fram verk- og greiðsluáætlun nr. 2.
7. Fyrirspurn um fundargerð síðasta fundar.
8. Sandafellsbúðir verða opnaðar 5. maí, en þá er ráðgert að tveir þórar verði tiltækir á svæðinu.
9. Næsti fundur boðaður þann 9. maí kr. 10:00 hjá Landsvirkjun.

Björn Jónasson.

Afrit sent fundarmönnum.